

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 181/1983. **Aðalgeir Sigurgeirsson**

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Aðalgeir Sigurgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 320.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1983.

Nr. 205/1981. **Daníel Ágústínusson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

félagsmálaráðherra

(Sigurð Ólason hrl.)

og

forseta bæjarstjórnar Akraness

f. h. bæjarstjórnarinnar

(Árni Guðjónsson hrl.).

Stjórnsýsla. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og prófessor Gaukur Jörundsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi daginn áður. Endanlegar kröfur hans hér fyrir dómi eru þessar:

„að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið,

að samþykkt bæjarstjórnar Akraness á fundum bæjarstjórnar 10. apríl 1979 á synjun forseta bæjarstjórnar á bókun frá áfrýjanda á fundum bæjarstjórnarinnar 13. og 27. mars 1979 verði dæmd markleysa og felld úr gildi svo og

að úrskurði félagsmálaráðuneytisins, uppkveðnum 29. október 1979, í kærumáli áfrýjanda verði hrundið með dómi réttarins.

Þá er krafist málskostnaðar til handa áfrýjanda úr hendi beggja stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti in solidum.“

Af hálfu félagsmálaráðherra er krafist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar.

Af hálfu bæjarstjórnar Akraness er einnig krafist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi ekki hinn 13. mars 1979 eða síðar átt lögvarinn rétt til að fá bókaðar athugasemdir sínar vegna ummæla annars bæjarfulltrúa á fundi 28. nóvember árið áður. Breytir það ekki þessari niðurstöðu, að á fundinum í nóvember hafði áfrýjandi áskilið sér rétt til að svara síðar. Þá fær það ekki heldur breytt niðurstöðunni, að áfrýjandi hafði átt við nokkur veikindi að stríða á þessum tíma. Að þessari niðurstöðu fenginni verður ekki dómur á það lagður, hver verið hefði réttur áfrýjanda til að fá athugasemd bókaða á fundinum 28. nóvember eða skömmu síðar. Áfrýjandi vildi eigi una synjun forseta bæjarstjórnar á kröfu hans um bókun, en bæjarstjórn staðfesti ákvörðun forseta. Skaut áfrýjandi málinu þá til félagsmálaráðuneytisins. Hér fyrir dómi var því hreyft af hálfu forseta bæjarstjórnar, að málskotsheimild hefði skort. Kröfur sínar byggir bæjarstjórnarforsetinn þó ekki á þessu atriði, og verður ekki um það fjallað.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Rétt er, að málskostnaður hér fyrir dómi falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 19. maí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. apríl sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 4. mars 1980 og 14. mars s. á., af Daniel Ágústínussyni bæjarfulltrúa, Háholti 7, Akranesi, gegn Svavari Gestssyni félagsmálaráðherra, Drápuhlíð 5, Reykjavík, f. h. félagsmálaráðuneytisins og Valdimar Indriðasyni, forseta bæjarstjórnar Akraness, Háteigi 14, Akranesi, f. h. bæjarstjórnar Akraness.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að úrskurður hins háa félagsmálaráðuneytis í kærumáli hans, uppkveðinn 29. október 1979 af Hallgrími Dalberg f. h. ráðherra, verði með dómi þessum hrundið og *að jafnframt* verði samþykkt bæjarstjórnar Akraness á fundi bæjarstjórnar 10. apríl 1979 á synjun forseta bæjarstjórnar á bókunum frá stefnanda á fundum bæjarstjórnarinnar 13. og 27. mars 1979 dæmd markleysa og felld úr gildi,

að forseta bæjarstjórnar verði að hrundnum úrskurði félagsmálaráðuneytis gert að sjá svo um, að umbeðin bókun stefnanda, sem synjað var um á fundi bæjarstjórnar 13. mars 1979, verði færð til bókar á næsta bæjarstjórnarfundi eftir birtingu dóms í málinu,

að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi forseti bæjarstjórnar Akraness f. h. bæjarstjórnarinnar gerir og þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómarans báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi er bæjarfulltrúi á Akranesi fyrir Framsóknarflokkinn. Á bæjarstjórnarfundi hinn 28. febrúar 1978 var með níu samhljóða atkvæðum samþykkt tillaga frá stefnanda og öðrum bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins, Ólafi Guðbrandssyni, þess efnis, að það skuli vera meginregla að bjóða út hinar helstu framkvæmdir, þar með talin meiri háttar viðhaldsvinna við fasteignir bæjarins. Þá um haustið 1978 samþykkti bæjarráð að bjóða út málningu í leikskóla bæjarins við Skarðsbraut, sem var í byggingu. Fjögur tilboð bárust, og voru þau lögð fram á bæjarstjórnarfundi hinn 14. nóvember 1978, sem var 491. fundur bæjarstjórnarinnar. Þrjú tilboðanna, frá Málningarþjónustunni h/f, Ríkharði Jónssyni s/f og Halli og Sveini s/f,

voru nákvæmlega jafnhá, kr. 2.600.758, en hið fjórða, frá Málningarverki s/f, var lægst, kr. 1.943.000. Þetta vakti athygli á fundinum, og urðu um þetta talsverðar umræður, sem stefnandi hóf með ræðu. Samkvæmt endurriti fundargerðar spurði hann m. a., hvers konar vinnubrögð þetta væru hjá þessum sömu mönnum, þeir lýsi sig fylgjandi frjálsum útboðum, en komi síðan á fund undir forystu fulltrúa þeirra í bæjarstjórn, Ríkharðs Jónssonar, og ákveði að senda inn nákvæmlega samhljóða tilboð. Ef þetta væri ekki lögbrot, þá væri það algert siðleysi í viðskiptum. Hann flutti til lögu þeirra Ólafs Guðbrandssonar um, að athugað væri, hvort hin samræmdu tilboð brytu ekki í bága við nýsett lög nr. 56 frá 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Inn í þessar umræður spunnust umræður um ræðu Ríkharðs Jónssonar undir fyrri dagskrárlið, þar sem hann varaði við þeirri stefnu að taka tilboðum, sem væru langt undir kostnaðaráætlun, og að stefna bæjarins ætti að vera sú, að við útboð, þar sem kostnaðaráætlun lægi fyrir, ætti ekki að taka tilboðum, sem vikju verulega frá þeirri áætlun. Í endurriti af fundargerð má sjá, að karp mikið hefur verið á milli stefnanda og Ríkharðs Jónssonar bæjarfulltrúa og að stefnandi hefur m. a. sagt í lok síðustu ræðu sinnar um þennan lið, að hann mótmælti ræðu Ríkharðs, sem hann væri svo oft búinn að flytja þarna, og teldi hann ekki ástæðu til að láta henni ómótmælt frekar en vant væri. Bæjarráð hafði samþykkt að taka lægsta tilboðinu, og var afgreiðsla þess samþykkt með átta samhljóða atkvæðum. Tillaga stefnanda og Ólafs Guðbrandssonar var einnig samþykkt með 4:3.

Næsti fundur í bæjarstjórn Akraness var haldinn 28. nóvember 1978, hinn 492. Forseti setti fundinn og stjórnaði honum. Hörður Pálsson tók til máls um fundargerð síðasta fundar og kvaðst vilja mótmæla því, að svona mikið væri bókað um ákveðið mál síðustu fundargerð (sic), nauðaðmerkilegt mál að hans mati. Stefnandi mótmælti orðum Harðar og kvað þarna hafa verið eðlilega bókað. Ríkharður Jónsson óskaði þá bókunar vegna ummæla stefnanda á síðasta fundi í umræðum um lið 3 í fundargerð bæjarráðs:

„Vegna þessara ummæla óska ég, að bókað sé, að hér sé farið með staðlausa stafi af hálfu Daníels Ágústínussonar og rakalaus ósannindi, sem eingöngu séu viðhöfð til að niðurlægja mig í starfi sem bæjarfulltrúa.

Ríkharður Jónsson“

Stefnandi áskildi sér rétt til að svara þessu síðar. Forseti taldi þetta stefna í óefni að hafa þennan háttinn á með bókunar bæjarstjórnarfunda og að tímabært væri að huga að því að breyta þessu.

Eftir þetta veiktist stefnandi og sótti ekki nokkra fundi bæjarstjórnar vegna forfalla. Hann var þó á fundi 494 hinn 9. janúar 1979 og fundi 496 hinn 13. febrúar 1979. Á fundi 498 hinn 13. mars 1979 kom stefnandi með bókun. Þá strax í upphafi fundar, áður en gengið var til dagskrár, tók stefnandi til máls og óskaði bókunar á athugasemd, sem hann las upp, og tilefni hennar væri athugasemd Ríkharðs Jónssonar á bæjarstjórnarfundum 492 hinn 28. nóvember 1978. Forseti synjaði því, að athugasemdin yrði færð í gerðabók. Ríkharður fór nokkrum orðum um málið, stefnandi ítrekaði ósk sína, en forseti synjaði á ný.

Næsti fundur, hinn 499., var haldinn 27. mars 1979. Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1979 var þá til seinni umræðu, og fóru því fram almennar umræður um málefni bæjarins. Stefnandi ákvað að taka þetta atriði þar upp. Hann flutti almenna ræðu, sem stóð í klukkustund og tíu mínútur. Hann óskaði þess, að ritari bókaði efnislegan útdrátt úr ræðunni, en bókaði orðrétt þann kafla ræðunnar, sem fjallaði um umræður á bæjarstjórnarfundum 14. nóvember 1978. Forseti synjaði því á þeim forsendum, að um væri að ræða sömu bókun og synjað hefði verið um að bóka á síðasta fundi.

Á næsta bæjarstjórnarfundum, hinum 500sta, sem haldinn var 10. apríl 1979, mótmælti stefnandi þessari málsmeðferð, þegar fundargerðin var lögð fram. Forseti tók til máls og skýrði afstöðu sína, að hann hefði úrskurðað, að athugasemd stefnanda skyldi ekki færð í bækur. Stefnandi óskaði þess, að úrskurður forseta yrði borinn upp til atkvæðagreiðslu. Forseti talaði tvisvar aftur, og stefnandi þrisvar, og aðrir tóku einnig til máls, þar á meðal Jóhann Ársællsson, sem lagði til, að skipuð yrði nefnd fjögurra fulltrúa, einum frá hverjum flokki, og ætti hún að komast að niðurstöðu um, hvernig fundargerðir skyldu ritaðar. Tillaga Jóhanns var samþykkt 7:0. Þá var borinn upp úrskurðar forseta. Þeir voru með honum, tveir á móti, en forseti greiddi ekki atkvæði né heldur Ríkharður, Jóhann og Guðlaugur Ketilsson.

Stefnandi vildi ekki una þessari afgreiðslu málsins og kærði hana því til félagsmálaráðuneytisins. Úrskurður var kveðinn upp í félagsmálaráðuneyti af Hallgrími Dalberg ráðuneytisstjóra hinn 29. október 1979, og varð niðurstaða sú, að úrskurður forseta bæjarstjórnar skyldi vera óraskaður.

Stefnandi taldi úrskurð þennan rangan. Hann bað um orðið utan dagskrár á 513. fundi bæjarstjórnar hinn 27. nóvember 1979 og óskaði bókunar í gerðabók. Eftir nokkrar umræður og orðaskipti var lagt til og samþykkt, að afgreiðsla á bókunarbeiðni stefnanda væri frestað til næsta fundar. 514. fundur var haldinn 18. desember 1979. Á dagskrá var úrskurður félagsmálaráðuneytisins, og var þar skráð bókun stefnanda frá 513. fundi. Tók stefnandi þar fram, að hann teldi óhjákvæmilegt að vísa úr-

skurðinum til dómstólanna og fá úr því skorið, hvort hann fengi staðist fyrir dómi. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að synjanir forseta bæjarstjórnar Akraness á bókunum frá honum 13. mars og 27. mars 1979 hafi verið lögleysa og að synjun bæjarstjórnar Akraness á umgetnum bókunum sé lögleysa, þar sem þær brjóti í bága við ákvæði 3. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 svo og við 6. gr. samþykktar um stjórn bæjarmál-efna á Akranesi. Úrskurður félagsmálaráðuneytis sé af sömu rökum einnig rangur. Samkvæmt 3. mgr. 29. gr. laga nr. 58/1961 eigi hver fulltrúi, sem eigi sé samdóma hinum, rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina. Þetta ákvæði sé tekið upp í 6. gr. samþykktarinnar. Hér sé því um skýlausan rétt stefnanda og annarra bæjarfulltrúa til bókunar að ræða og með synjun sinni hafi forseti bæjarstjórnar því brotið á honum lögboðinn rétt. Ákvörðun bæjarstjórnar samkvæmt 11. gr. samþykktarinnar geti ekki rænt hann þessum rétti. Auk þessa hafi venja myndast um það, að bæjarfulltrúar hafi komið að bókunum eftir vild, mörgum alllögum, og hafi forseti ekki synjað þeim um þennan tvímæla- lausa rétt fyrr en nú. Forseti beri þá skyldu skv. 4. gr. reglugerðarinnar að sjá svo um, að allt fari löglega fram. Þessa skyldu hafi hann augljóslega vangeymt og þess vegna standist ekki úrskurður hans. Bókaðar hafi verið án nokkurrar hindrunar svívirðingar um stefnanda og hann sagður fara með staðlausa stafi og rakalaus óssannindi. Þessum orðum Ríkharðs Jónssonar hafi stefnandi þurft að svara og vegna efnis þeirra hafi hann orðið að hrekja þau með heimildum. Slíkt sé ekki unnt að gera á stundinni, það krefjist umhugsunar og undirbúnings. Eftir veikindaforföll sín hafi hann síðan komið með bókun, sem hrakti orð Ríkharðs, en honum hafi verið neitað um hana, neitað að bera hönd fyrir höfuð sér í deilu við stjórn mála- andstæðing. Jafnræðisreglan, „equality of arms“, hafi þarna verið brotin á stefnanda vegna stjórn málalegs mismunar. Þegar þetta sé virt, sé ljóst, að það ákvæði reglugerðarinnar, sem úrskurður félagsmálaráðuneytis hafi byggst á, þ. e. 2. mgr. 4. gr., að unnt sé að skjóta úrskurði forseta til úrlausnar bæjarstjórnar, geti ekki leitt til þess, að úrskurður bæjarstjórnar sé endanlegur. Reglugerðarákvæði geti ekki gengið gegn lögbundnum regl- um. Hér hafi einfaldlega verið um ritskoðun stjórn málaandstæðings að ræða og hér hafi átt að svipta hann grundvallar mannréttindum. Verði úr- skurður félagsmálaráðuneytis látinn standa, leiði það til þess, að forseti bæjarstjórnar geti úrskurðað um hvað sem er, svipt bæjarfulltrúa málfrelsi og atkvæðisrétti, og meiri hluti bæjarstjórnar gæti síðan samþykkt slíka úrskurði. Réttur minni hluta í bæjarstjórnnum væri þá enginn. Hlutverk dómstóla sé að vernda grundvallarmannréttindi, sem pólitískir meiri hlutar

sveitarstjórna reyni að gera að engu. Reglugerðarákvæði 11. gr. um, að afl atkvæða ráði úrslitum, geti ekki svipt menn rétti, sem þeir eigi samkvæmt lagareglu frá löggjafarvaldinu, þar sem reglugerðir geti aldrei gengið framar settum lögum frá Alþingi. Spurningin, sem dómstóllinn svari, sé þessi: Er 3. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga í gildi eða ekki?

Stefndi félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins styður sýknukröfu sína þeim rökum, að synjun forseta bæjarstjórnar á því að láta bóka tiltekin „ummæli“ stefnanda í fundargerðabók bæjarstjórnar Akraness hafi verið samþykkt á löglegan hátt á fullskipuðum fundi og að úrskurður ráðuneytisins brjóti ekki í báta við 29. gr. sveitarstjórnarlaga né 6. gr. reglugerðar um stjórn bæjarmálaefna Akraness. Bókun sú eða bókanir, sem stefnandi vildi fá skráðar í fundargerðabók bæjarstjórnar, hafi verið miklu lengri en svo, að heimfæra mætti undir regluna um „ágreiningsálit ritað með fáum orðum.“ Synjun forseta og úrskurður hafi verið innan löglegra embættistakmarka hans og úrskurði hafi verið skotið til bæjarstjórnar, sem hafi staðfest hann. Úrskurði félagsmálaráðuneytis, sem byggður hafi verið á réttum og löglegum grundvelli, verði því ekki hnekkt með dómi. Réttar allra aðilja hafi verið gætt í hvívetna. Ef krafa stefnanda næði fram að ganga, mundi niðurlag 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar vera þýðingarlaust og hver, sem bókunar krefðist, um hvað sem væri, gæti náð sínu fram. Stefndi bendir auk þess á, að hér sé um óraunhæft mál að ræða og hagsmunir séu engir. Dómstólar eigi ekki að taka til greina slík mál, sem búið sé að afgreiða á lögformlegan hátt. Eðli bókaðra athugasemda sé um ágreiningsatriði um mál, sem séu til afgreiðslu og fyrirbyggjandi. Bókun stefnanda hafi ekki verið um fyrirbyggjandi mál, heldur mál, sem afgreitt var fyrir löngu, og sé því fráleitt að ljá máls á slíkum kröfum auk þess sem bókun stefnanda hafi tæpast fullnægt laga- og velsæmisskilyrðum.

Stefndi forseti bæjarstjórnar Akraness f. h. bæjarstjórnar Akraness styður sýknukröfu sína þeim rökum, að synjun hans á að láta bóka tiltekin „ummæli“ stefnanda í fundargerðabók bæjarstjórnar hafi verið samþykkt með lögformlegum hætti á 500. fundi bæjarstjórnar. Samþykkt bæjarstjórnar brjóti á engan hátt í bága við ákvæði 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 né 6. gr. reglugerðar um stjórn bæjarmálaefna Akraneskaupstaðar nr. 230/1978, sem tekin sé upp úr sveitarstjórnarlögum. Um lagahlið málsins og deilu þessa verði að segja, að skv. 76. gr. stjórnarskrárinnar skuli rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skipað með lögum. Með sveitarstjórnarlögunum hafi löggjafinn útdeild valdi sínu og sveitarstjórnir eigi að vera sjálfstæðar skv. 1. gr. laganna. Samkvæmt þessu sé tæmandi talning á því, sem ráðuneyti megi grípa inn í málefni sveitarfélaga, og þurfi að vera bein lagaheimild til þess. Í máli þessu hafi úrskurður forseta bæjarstjórnar verið borinn upp og sam-

þykktur með löglegum hætti og um slíkt eigi félagsmálaráðuneyti ekki úrskurðarvald. Hins vegar eigi dómstólar úrskurðarvald um slíkan ágreining og sé málið því réttilega höfðað hér fyrir bæjarþinginu. Stefnandi telur, að hér sé um vandasamt úrlausnarefni að ræða, sem verði grundvallarréttindi. Hins vegar megi ekki fallast á það með stefnanda, að sambærilegt sé að synja um bókun á ummælum í fundargerðabók og að synja um orðið eða atkvæðisrétt. Ljóst sé, að synjun forseta 13. mars 1979 hafi byggst á því, að fyrrgreind lagaákvæði beri að túlka svo, að þau eigi við um ályktarnir sveitarstjórna og að hver fulltrúi, sem ekki sé samdóma hinum, eigi rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, og þannig sé tryggt, að stuttar greinargerðir með sératkvæðum fáiast bókaðar. Hér hafi ekki verið að gera ályktun, heldur sé hér um að ræða einhvers konar ræðu- eða ritdeilu í fundargerðabók bæjarstjórnar um mál, sem afgreitt var með átta samhljóða atkvæðum á fundi bæjarstjórnar 14. nóvember 1978. Krafa stefnanda löngu síðar um að fá athugasemdir sínar um aðdraganda þessa fullafgreidda máls bókaðar í fundargerðabókina fullnægi því ekki ákvæðum 29. gr. sveitarstjórnarlaga um, að það sé ágreiningsálit og að hann hafi ekki verið samdóma hinum. Þótt tíðkast hafi að undanfögnu, að bæjarfulltrúar fengju bókuð ýmis ummæli, verði að líta svo á, að það sé alfarið mat forseta bæjarstjórnar eða bæjarstjórnarinnar sjálftrar, hve lengi og hve langt skuli ganga í slíku. Hér verði að spyrja, hvar vera skuli endir allrar þrætu í sveitarstjórn, hjá henni eða hjá dómstóllum landsins. Bókanir þurfi að vera gerðar á réttum stað og á réttum tíma, annað leiði til endalauss karps. Þótt tíðkast hafi einhvern tímann að synja ekki um bókanir bæjarfulltrúa, þá sé ekki um venju að ræða, sem skapi rétt eða skyldu. Ósiður verði ekki að réttarvenju hér á landi.

Niðurstaða.

Í 60. gr. stjórnarskrárinnar segir, að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þessi grundvallarregla hefur verið skilin svo rúmt, að dómstólar séu yfirleitt bærir til að skera úr hverskyns ágreiningi um lögmæti ákvarðana og athafna stjórnvalds, sé ágreiningi til dóms skotið af þar til bærum aðilja. Verður því fjallað efnislega um kröfur stefnanda og um málsástæður hans, en þar eru tvær aðgreindar.

Í fyrsta lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að forseta bæjarstjórnar Akraness sé aldrei heimilt að synja bæjarfulltrúa um bókun ummæla í fundargerðabók, verði þau talin ágreiningsálit. Þess vegna hafi forseti bæjarstjórnar synjað um nokkuð, sem honum var í lögum beinlínis skylt að veita. Synjunin hafi af þessum sökum verið ólögmæt.

Skyldur forseta bæjarstjórnar eru samkvæmt II. kafla reglugerðar um

stjórn bæjarmálefna Akraneskaupstaðar þær að stjórna umræðum á fundum, að sjá um, að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók, allar tilögur séu skráðar og allar ályktanir rétt og nákvæmlega bókaðar. Hann á að sjá um, að allt fari löglega og skipulega fram á fundum, og úrskurða um skilning á fundarsköpum. Honum ber því einnig að sjá um, að ágreiningsálit þess fulltrúa, sem eigi er samröma hinum, verði ritað með fáum orðum í gerðabókina, sé þess óskað. Samkvæmt þessu er það skylda forseta að synja um bókanir á óþarfa athugasemdum eins og hverju öðru óviðkomandi málefni á fundum til þess að sjá um, að allt fari skipulega fram. Með hliðsjón af þessum grundvallarreglum um fundarstjórn verður að túlka ákvæði 3. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga svo, að bæjarfulltrúar hafi ekki sjálfðæmi um það, hvaða ummæli þeir telji ágreiningsálit, sem skylt sé að rita í gerðabókina. Verður því ekki fallist á það með stefnanda, að synjun forseta hafi sem slík verið háð efnisannmörkum, sem geri hana ólögmæta.

Í öðru lagi telur stefnandi, að synjun forseta bæjarstjórnar á bókun athugasemda hans hafi verið valdniðsla, þar sem hún hafi byggst á ólögmætum sjónarmiðum. Þá skipti ekki máli um lögmæti hennar, að bæjarstjórn hafi samþykkt hana og félagsmálaráðuneyti að auki.

Stefnandi áskildi sér rétt hinn 28. nóvember 1978 til að svara bókuðum ummælum Ríkharðs Jónssonar um, að hann færi með staðlausa stafi og rakalaus ósannindi. Áskilnaður stefnanda var eðlilegur, eins og á stóð. Stefnandi neytti hins vegar ekki þess réttar, sem hann hafði áskilið sér, fyrr en hinn 13. mars 1979 og hafði þó samkvæmt gögnum málsins komið á fundi bæjarstjórnar 9. janúar 1979 og 13. febrúar s. á. Þegar stefnandi kom með hina rituðu bókun sína, var deila hans og annars bæjarfulltrúa löngu liðin, og telja verður, að stefnandi hafi sjálfur með aðgerðarleysi sínu gert sitt til þess að eyða deilunni.

Fyrst stefnandi neytti ekki áskilins réttar á eðlilegum tíma, verður að telja, að forseta hafi verið heimilt að synja um þessa bókun, þegar þar að kom. Stefnandi hefur því ekki sýnt fram á, að ólögmætra sjónarmiða hafi gætt við synjun bókunar hans, og var úrskurður forseta bæjarstjórnar því lögmætur.

Niðurstaða verður því sú, að sýkna beri stefndu af öllum kröfum stefnanda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason setudómari kvað upp dóminn. Uppsaga hefur dregist vegna sérstaks umfangs málsins.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Svavar Gestsson félagsmálaráðherra f. h. félagsmálaráðuneytisins, og Valdimar Indriðason, forseti bæjarstjórnar Akraness f.

h. bæjarstjórnar Akraness, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Daniels Ágústínussonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. október 1983.

Nr. 139/1981. **Tollstjórinn í Reykjavík**

(Árni Kolbeinsson hdl.)

gegn

hafnarstjóranum í Reykjavík

f. h. hafnarsjóðs

og gagnsök

(Eiríkur Tómasson hdl.).

Lóðarleiga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1981. Gerir hann þær kröfur aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða sér 12.604.00 krónur ásamt 19% ársvöxtum frá 14. febrúar 1979 til 1. júní sama ár, 22% frá þeim degi til 1. september sama ár, 27% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% frá þeim degi til 19. mars 1981 og dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og til þrautavara, að hann verði einungis dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda 9.724.00 krónur með 1% dráttarvöxtum á mánuði af 2.431.00 krónu frá 2. janúar 1979 til 31. mars sama ár, af 4.862.00 krónum frá 1. apríl 1979 til 30. júní sama ár, af 7.293.00 krónum frá 1. júlí 1979 til 30. september sama ár og af 9.724.00 krónum frá 1. október 1979 til greiðsludags. Aðaláfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.